

## VII. KAFLI – Reglugerð um framkvæmd sundmóta

### 1. grein

Stjórn móta skal vera í höndum mótsstjórnar. Mótsstjórn sker úr um öll mál á **móti** **mótum** önnur en þau sem heyra undir yfirdómara og sundreglur FINA.

### 2. grein

Á mótum SSÍ skal stjórn SSÍ skipa eftirtalda starfsmenn að tillögu dómaranefndar SSÍ: (innan sviga er lágmarkstala þeirra starfsmanna sem þarf til að önnur mót geti talist lögleg og hægt er að setja met á).

Fyrir mót haldin í 8 brauta laug: lágmark 17 dómara fyrir 50m laug og lágmark 15 fyrir 25m laug (fyrir 10 brauta laug er lágmark 21 dómari í 50m laug og lágmark 19 fyrir 25m laug)

- tvo yfirdómara (1)

- fjóra tæknidómara fyrir 50m laug og tvo fyrir 25m laug (2)

- tvo ræsa (1)

- einn snúningsdómara á braut rásmeigin (1) – tekur einnig „back-up“ tíma

- einn snúningsdómara á braut við 50/25m markið (1 fyrir hverjar tvær brautir)

- tvo yfirsúningsdómara hvor á sinn enda (1 snúningsmeigin)

- einn þul (1)

- einn mótsstjóra (1)

6 brautir - lágmark 14 dómara, fækkun um 1 snúningsd. snúnm og 2 startm frá 8 br

5 brautir - lágmark 13 dómara, fækkun um 1 snúningsd snúnm og 3 startm frá 8 br

4 brautir - lágmark 11 dómara, fækkun um 2 snúningsd snúnm og 4 startm frá 8 br

### 3. grein

Þar sem alsjálfvirkur tímatökubúnaður er ekki fyrir hendi eða bilar getur yfirdómari eða mótsstjóri sett þrjá tímaverði með handvirkan búnað fyrir hverja braut. Gæta skal þess að a.m.k. tveir tímaverðir séu aukalega til staðar.

### 4. grein

Þegar ekki er unnt að mæla tíma sundmanns með alsjálfvirkum eða hálsjálfvirkum búnaði og ekki eru til staðar þrjú tímaverðir með handvirkan búnað skal yfirdómari ákvarða röð keppenda. Að öllu jöfnu skal notast við niðurstöðu úr tímatöku, hversu ófullkomin sem hún er, svo framarlega að allt sundfólk í sama riðli fái sambærilega tímamælingu.

### 5. grein

Sundlaug og annar tæknibúnaður notaður við framkvæmd sundmóta skal skoðaður og viðurkenndur tímanlega fyrir sundmót af fulltrúa stjórnar SSÍ og tækninefnd SSÍ.

## VIII. KAFLI – Dómgæsla og viðhald réttinda

### a) Sunddómari og sunddómaranemi:

Dómari þarf að hafa sótt námskeið sem haldið er af yfirdómara á vegum og á ábyrgð SSÍ. Bóklegur hluti námskeiðsins skal fjalla um starfsmenn sundmóta, ábyrgð þeirra sem og reglur FINA World Aquatics um sundaðferðir.

1. ~~Dómaranemi þarf að standast skriflegt próf úr bóklegum hluta námsins. Prófurlausnir skal senda til móta tækni og dómaranefndar SSÍ ásamt lista yfir þátttakendur og árangur þeirra.~~

1. Til að verða dómaranemi þarf að taka einn bóklegan hluta undir stjórn yfirdómara og starfa tvo verklega mótshluta undir stjórn yfirdómara og sunddómara á sundmóti.

2. Dómarar fá starfsmannaskírteini útgefin af SSÍ. Sá yfirdómari sem kennir á námskeiðinu skal undirrita kaflann 1. stig tímavörður snúningsdómari.

3. Til að verða **fullgildur almennur sunddómari** þarf sunddómaranemi frá félagi á höfuðborgarsvæðinu og/eða af Suðurnesjum að safna a.m.k. **40 55** punktum á einu ári samkvæmt stigakerfi SSÍ. Af þessum **40 55** punktum þurfa a.m.k. **9 25** punktar að ávinnast á mótum SSÍ.

Dómaranemi frá félögum annars staðar á landinu/utan höfuðborgarsvæðisins þurfa að safna a.m.k. **40 55** punktum á þremur árum samkvæmt sama kerfi.

4. Til þess að viðhalda almennum dómara réttindum þarf dómari frá sundfélagi á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum að safna a.m.k. **50 65** punktum á tveggja ára tímabili, þar af **15 25** punktum á SSÍ mótum auk þess að sækja eitt endurmenntunarnámskeið fyrir dómara á vegum SSÍ annars dettur viðkomandi út af lista SSÍ. Dómari frá félögum annars staðar af landinu/utan höfuðborgarsvæðisins þarf að safna a.m.k. **50 65** punktum á þremur árum samkvæmt sama kerfi.

5. Falli dómara réttindi úr gildi þarf að sækja endurmenntunarnámskeið fyrir sunddómara á vegum SSÍ og ~~safna 12 punktum á einu ári til þess að öðlast dómara réttindi á ný.~~ **starfa tvo verklega mótshluta á sundmóti til að öðlast réttindi á ný sem almennur sunddómari.**

### Stigakerfi dómaranefndar SSÍ:

#### Sunddómarar safna punktum fyrir störf sem dómarar á sundmótum.

- SSÍ mót og alþjóðleg mót **3 5** punktar fyrir hvern hluta,
- Opin mót **2 3** punktar fyrir hvern hluta,
- Héraðsmót **2 3** punktar fyrir hvern hluta,
- Innanfélagsmót **2 3** punktar fyrir hvern hluta.

**Mét Sundmót** eru einungis viðurkennd hafi þau verið haldin samkvæmt reglum SSÍ og úrslitum mótsins ásamt mótaskýrslu hafi verið skilað á skrifstofu SSÍ á réttum tíma.

- ~~SSÍ gefur út dómarskírteini til tveggja og þriggja ára í senn.~~
- SSÍ gefur úr lista yfir alla **sunddómara**; jafnt yfirdómara sem og **almenna** dómara og dómaranema, í upphafi sundtímabilsins og um áramót og sendir sundfélögum og deildum lista yfir dómara innan félaga.
  - o Félögin yfirfara listann m.t.t.þ. hverjir eru virkir við dómgæslu.
  - ~~o Gefinn er 30 daga leiðréttingarfrestur á dómaraalista eftir að hann hefur verið sendur aftur til dómaranefndar.~~
  - o SSÍ uppfærir dómaraalista ~~í upphafi sundtímabilsins og um áramót~~ a.m.k. einu sinni á ári og birtir á heimasíðu SSÍ.
  - o Félögin halda jafnframt lista yfir dómara innan sinna raða og birta hann á heimasíðum félaganna.
  - o **Dómaranefnd** SSÍ heldur utan um ~~punktasöfnunina~~ **punktastöðu** allra **sunddómara**.
- SSÍ sendir upplýsingar um hverjir eru sunddómaranemar til aðildarfélaga að loknu hverju dómaranámskeiði hjá SSÍ.
- Stjórn SSÍ löggildir yfirdómara og uppfærir sérstakan yfirdómaraalista.
  - o Þjálfun yfirdómara er á ábyrgð SSÍ.

## Ræsir:

- Ræsir skal hafa sunddómararéttindi.

## Tímatökustjóri/yfirtímavörður:

- Tímatökustjóri/yfirtímavörður skal hafa sunddómararéttindi á SSÍ mótum.
- Á öðrum mótum er ekki gerð krafa um að tímatökustjóri/yfirtímavörður hafi sunddómararéttindi þó það sé æskilegt.

## b) Yfirdómari og viðhald yfirdómararéttinda

### Til að verða yfirdómari þarf:

- að hafa starfað sem almennur dómari í 2-3 ár, fer eftir staðsetningu félagsins.
- að fara á yfirdómaranámskeið hjá SSÍ.

o ~~Þarf m.a. að fara í gegnum leiðbeiningar fyrir yfirdómara SSÍ.~~

- að hafa ~~safnað~~ áunnið sér a.m.k. ~~100~~ 120 punkta á sl. 2 árum, þar af a.m.k. ~~36~~ 60 punktum á SSÍ mótum og alþjóðlegum mótum innanlands.
- að starfa undir handleiðslu yfirdómara á ~~fjórum sundmótum, þ.á.m. tveimur SSÍ mótum áður en réttindi verða fullgild~~ a.m.k. 36 mótshlutum, þar af 18 mótshluta á SSÍ mótum og alþjóðlegum mótum.
- Dómaranefnd metur hvenær yfirdómaranemi hefur öðlast nægilega reynslu og hefur staðist skriflegt próf yfirdómaranema.

### Til að viðhalda réttindum þurfa starfandi yfirdómarar að:

- Safna a.m.k. ~~40~~ 60 punktum á ári. Þar af skulu a.m.k.
  - o ~~20~~ 40 punktar ávinnast á SSÍ mótum og alþjóðlegum mótum innanlands,
  - o ~~15~~ punktar geta áunnist á opnum mótum,
  - o ~~5~~ 20 punktar geta áunnist á öðrum sundmótum innanlands.

## c) Alþjóðlegir dómararar

### Til að komast á **FINA World Aquatics** lista yfir alþjóðlega dómara þurfa yfirdómarar að:

- hafa starfað sem yfirdómarar í a.m.k. 2 ár.
- uppfylla öll skilyrði í liðnum hér að ofan „Til að viðhalda réttindum ...“
- hafa dæmt á alþjóðlegu/opnu mótum sem ekki krefst **FINA World Aquatics**-réttinda.

## Seta á **FINA World Aquatics** lista

- **Á hverjum lista eru á skrá frá Íslandi:**
- **3 dómara og 2 ræsar**
- Í gangi eru að jafnaði tveir listar og hver listi gildir í fjögur ár.
  - ~~Listi 14 (01.01.2007 – 31.12.2010).~~
  - ~~Listi 15 (01.01.2009 – 31.12.2012).~~
- Stjórn SSÍ velur dómara á þessa lista að tillögu ~~móta-tækni-og-dómaranefndar~~ **dómaranefndar** SSÍ hverju sinni.
- ~~Yfirdómari hefur rétt á að vera eitt tímabil á FINA lista, hvert tímabil er fjögur ár.~~
- **Dómari getur ekki verið á tveimur listum á sama tíma.**
- Eftir að yfirdómari hefur farið út af lista hefur hann rétt á að sækja um aftur eftir eitt tímabil.

## **SSÍ sækir um að senda dómara á eftirtalin mót þegar fjárhagsleg staða SSÍ leyfir slíkt**

- Smáþjóðaleikar/Sundkeppni smáþjóða
- NMU og EMU
- EM25 og EM50
- HM25 og HM50
- Ólympíuleikar
- World Cup – Heimsbikarmót.